

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 12. desember 2022

Mál nr. E-930/2022:

Jóhann Þorláksson

(*Peter Dalmay lögmaður*)

gegn

Geri allt slf. og

Daníel Sigurðssyni

(*sjálfur ólöglerður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 16. nóvember 2022, var höfðað 15. febrúar 2022 af Jóhanni Þorlákssyni, [...], á hendur Geri allt slf., [...], og Daníel Sigurðssyni, til heimilis [...].

Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 1.042.252 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 24. desember 2020 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda. Til vara krefjast stefndu þess að kröfur stefnanda verði „lækkaðar verulega, að matsgerð verði vísað frá og ómerkt þar sem ekki var farið að lögum um öflun hennar, að álitni Böðvars Inga pípulagningameistara verði vísað frá þar sem það var byggt á röngum forsendum“. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, auk þess sem stefndu gera kröfu um greiðslu 50.000.000 króna í skaðabætur úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Forsaga máls þessa er sú að vorið 2020 tóku stefndu að sér að framkvæmdir í baðherbergi í fasteign stefnanda að [...]. Í verkinu fólst að skipta út lögnum, innréttingum, tækjum, svo og að koma fyrir gólfhita og sturtu, ásamt flísalögn á baðherberginu. Aðila greinir á um hvort um meiri- eða minniháttar framkvæmdir hafi verið að ræða. Stefnandi mun hafa ráðfært sig við innanhússarkitekt um uppröðun og útlit baðherbergisins, en aðila greinir nánar á um aðkomu arkitektsins, sem og hver hafi staðið að vali og kaupum á byggingarefni vegna framkvæmdanna.

Í stefnu málsins kemur fram að þegar verklok hafi nálgast hafi stefnandi lýst yfir áhyggjum af því að sturtubotninn væri of hár miðað við flísalögn á gólfinu sem myndi leiða til þess að sturtubotninn virkaði ekki sem skyldi, hvorki varðandi skil á umframvatni í niðurfall né sem almennt niðurfall í gólfinu. Stefnandi hafi fullvissað hann um að verkið væri í samræmi við það sem lagt var upp með og verkið hafi því haldið áfram. Er verkinu var lokið hafi við prófun á rennsli í sturtunni og frárennsli komið í ljós að

niðurfall sturtunnar annaði ekki vatni sem komið hafi frá henni. Vatnið hafi safnast upp og runnið fram á gólf án þess að komast til baka.

Við verklok var stefnanda veittur afsláttur að fjárhæð 300.660 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Stefnandi kveðst hafa falast eftir því við stefnda Daníel að bætt yrði úr þeim ágöllum sem hann taldi vera á verkinu og lýst er að framan, en beiðnum hans verið hafnað. Stefnandi leitaði til Félags pípulagningameistara og tók Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður félagsins, verkið út. Í athugasemdum hans frá 11. nóvember 2020 kemur fram að frágangur á verkinu uppfylli ekki kröfur byggingarreglugerðar um frágang á niðurfalli í votrými. Lækka þurfi sturtubotninn í rétta hæð þar sem nota eigi niðurfallið sem niðurfall í votrými. Þá þurfi að passa upp á burð sturtubotns og frágang er uppfylli frágang votrýma. Einnig þurfi niðurfallið að anna þeim l/s sem komi frá sturtunni.

Stefnandi kveður stefndu þrátt fyrir þessa niðurstöðu ekki hafa orðið við beiðni hans um að koma verkinu í rétt horf. Stefnandi leitaði til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa 24. nóvember 2020 sem komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum 9. september 2021 að þjónusta stefnda, Geri allt slf., hefði verið haldin galla í skilningi 1., 4. og 5. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup og byggði niðurstöðu sína á álitni sérfróðs aðila, Ragnars Ómarssonar byggingafræðings, frá 28. júní 2021 sem nefndin hafði aflað undir rekstri málsins. Í álitinu kemur fram að vinna stefnda, Geri allt slf., hafi ekki verið í samræmi við fagþekkingu, góðar venjur og viðurkennda verkhætti og ákvæði laga og reglugerða. Sá annmarki hafi verið á verkinu að staðsetning niðurfalls í sturtubotni/gólfi hafi verið röng og þá væri lagning frárennslisrörs frá niðurfallinu ekki í samræmi við viðurkennda verkhætti. Í viðbótaráliti hans frá 9. júlí 2021 kemur fram að úrbótatillaga stefnda, Geri allt slf., um að bæta niðurfalli í gólfið fyrir framan sturtu til að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um niðurfall í votrýmum kæmi ekki í veg fyrir fráflæðisvandann frá sturtunni. Eftir sem áður þyrfti að opna gólfið og endurleggja frárennslisrörið frá sturtu. Einfaldast væri að þykkja gólfið svo unnt væri að nýta niðurfallið í sturtunni sem öryggisniðurfall baðherbergisins.

Kærunefndin taldi stefnanda hafa orðið fyrir fjártjóni vegna galla á verkinu sem næmi kostnaði við úrbætur og ætti hann rétt á skaðabótum samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 42/2000. Við fjárhæð skaðabóta leit nefndin til áætlaðs kostnaðar að raunvirði við nauðsynlegar úrbætur samkvæmt álitni hins sérfróða aðila sem hann hafði talið nema samtals 1.042.252 krónum.

Stefndu kusu að una ekki úrskurði nefndarinnar. Lögmaður stefnanda sendi stefndu kröfubréf 8. nóvember 2021 og krafðist greiðslu á grundvelli úrskurðar kærunefndarinnar, auk þess sem tilkynnt var um að tjón stefnanda væri meira en lagt hefði verið til grundvallar í úrskurðinum. Stefnu höfnuðu bótaskyldu með tölvupósti sama dag. Stefnandi höfðaði mál þetta 15. febrúar 2022.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að þjónusta stefndu hafi verið gölluð í skilningi 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000, en samkvæmt ákvæðinu teljist seld þjónusta gölluð ef árangur af unnu verki stenst ekki kröfur samkvæmt 4. gr. laganna eða vikur frá almennum öryggiskröfum samkvæmt 5. gr. þeirra, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. laganna. Sú þjónusta sem stefndu hafi innt af hendi uppfylli hvorki kröfur 4. gr. né 5. gr. laganna um að þjónusta skuli vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkist hverju sinni, sem og að þjónustan skuli vera í samræmi við almennar reglur, staðla og reglur sem stjórnvöld setji, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gildi um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytenda.

Í áliti sérfróðs aðila, sem kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hafi aflað undir rekstri málsins hjá nefndinni, sé staðfest að verk stefndu hafi verið haldin verulegum ágöllum, sem hafi hvorki verið í samræmi við fagþekkingu og góðar venjur né viðurkennda verkþætti og ákvæði laga og reglugerða um mannvirki. Staðsetning niðurfalls í sturtubotni sé röng og ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða viðurkennda verkþætti. Þá sé lagning frárennslisrörs frá niðurfalli baðkarsins einnig í ólagi. Eins sé mikil hætta á tjóni á baðherbergisgólfi, þar sem vatn sé ekki leitt í burtu á réttan hátt.

Stefnandi byggir jafnframt á því að þjónusta stefndu uppfylli ekki opinber skilyrði og sé því ólögmat. Þá hafi stefndu ekki notað rétta þykkt á plötum í verkið, en slíkt geti ekki talist til faglegra og góðra viðskiptahátta. Stefnandi telji ljóst að notagildi þeirrar þjónustu sem stefndu hafi innt af hendi sé mun minna en ella og því sé jafnframt um galla að ræða í skilningi 5. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000. Þá hafi stefndu aukið líkur á tjóni með gölluðu verki í skilningi 4. töluliðar ákvæðisins og sé kostnaður við að bæta úr því metinn talsvert hærri en sá kostnaður sem eðlilegur hefði verið við vinnu verksins. Að sama skapi teljist verkið gallað með hliðsjón af 6. tölulið 9. gr. laga nr. 42/2000, enda hafi þjónusta stefndu vikið að miklu leyti frá því sem upphaflegt samkomulag um þjónustuna hafi kveðið á um.

Stefnandi telur verk stefndu ekki hafa uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu í byggingarreglugerð nr. 112/2012, en samkvæmt grein 4.10.1. beri iðnmeistari ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann taki að sér séu í samræmi við viðurkennda verkþætti, samþykktu uppdrætti, verklýsingar og ákvæði laga um mannvirki og reglugerða sem settar séu samkvæmt þeim. Þá samræmist þjónustan ekki ákvæði í byggingarreglugerð um frágang niðurfalla í votrymi eins og raunar komi fram í svari frá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar í tilefni af fyrirspurn stefndu 21. mars 2022 sem liggja fyrir í málinu.

Þá byggir stefnandi á því að stefndu hafi valdið honum tjóni sem þeir beri sameiginlega ábyrgð á samkvæmt almennu skaðabótareglunni og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 42/2000. Stefnandi sundurliðar kröfu sína í samræmi við framsetningu í álitni hins sérfróða aðila sem aflað var undir rekstri málsins hjá kærunefndinni. Vísar hann til þess sem þar kemur fram um nauðsynlegar framkvæmdir til úrbóta á verki stefndu. Meðal annars þurfi að fjarlægja flísar af gólfi og neðstu röð veggflísanna. Þá þurfi að gera lagfæringar á frágangi baðherbergishurðar og taka hana niður, taka niður salernisskál og opna lagnavegg til að færa salerniskassa. Að auki þurfi að fjarlægja allar innréttingar af gólfpletinum. Í kjölfarið þurfi að hreinsa flísalím af vegghlutum og gólfi, aftengja og taka upp sturtubotn, endurleggja frárennslisrör frá sturtubotni, þykkja gólf undir flísar, setja vatnsvarnarlag á gólf og vegghluta undir flísar, stilla sturtubotn í rétta hæð og tengja fráveitu og jarðtengingu, flísaleggja gólf og vegg, setja upp salerni og ganga frá í kringum baðherbergishurð. Auk þess sé þörf á prófunum, þrifum og hreinsun. Kostnaður við þetta nemi samtals 1.042.252 krónum. Þar af nemi vinna 770.040 krónum, þar af sé virðisaukaskattur af vinnu á verkstað 149.040 krónur og kostnaður vegna efnis, aksturs og véla 272.212 krónur.

Við mat á bótaskyldu stefndu beri að beita ströngu sakarmati enda teljist stefndi Daníel, sem sé löggiltur þípulagningameistari, vera sérfræðingur í skilningi reglna skaðabótaréttar á sviði framkvæmda af þessum toga og selji hann þjónustu sína gegn endurgjaldi. Hafi stefnda Daníel borið að tryggja að verkið væri unnið í samræmi við viðurkennda starfshætti, lög og reglur. Hann hafi, í ljósi sérfræðipækkingar sinnar, vitað eða mátt vita að bæði vinna hans og frágangur að [...] uppfyllti ekki tilskildar lágmarkskröfur. Þá verði stefndu í ljósi sérfræðipækkingar sinnar að bera ábyrgð á því að hafa notað til verksins rangt efni.

Auk framangreindra lagaraka vísar stefnandi um málskostnað til 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um dráttarvexti byggist á 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu hafna bótaskyldu í málinu og telja enga annmarka hafa verið á umræddu verki. Þá séu aðrar leiðir færar til að bregðast við kröfum stefnanda en þær sem tíundaðar séu í álitni sérfróðs aðila sem kærunefndin hafi aflað með ólögmetum hætti og stefnandi byggir á í málinu. Stefnu krefjast einnig til vara lækkunar á kröfum stefnanda en útskýra þá kröfu ekki nánar í greinargerð sinni eða fyrir dóminum.

Stefndu byggja á því að verkið hafi talist til viðgerða og viðhalds í skilningi greinar 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Hafi þannig ekki hvílt skylda á stefndu að koma fyrir niðurfalli, enda hafi það ekki verið til staðar áður. Hafi stefndu því ekki brotið gegn ákvæðum reglugerðarinnar með því að hafa gólfið 10 millimetrum lægra en

Það átti að vera en verkið hafi verið klárað samkvæmt kröfum stefnanda, gegn hörðum mótmælum stefndu. Með hliðsjón af framangreindu telji stefndu álit Böðvars Inga vera byggt á röngum forsendum. Þá hafi stefndu ekki verið kunnugt um að til stæði að fá matsmann til þess að leggja mat á verkið, en stefndu hafi aðeins fengið að sjá matið eftir að því hafi verið skilað inn. Hafi matsgerðarinnar því ekki verið aflað á lögmetan hátt.

Við verklok hafi verið farið yfir verkið og stefnanda gefinn ríflegur afsláttur vegna tafa við vinnu verksins, að fjárhæð 300.660 krónur, en engir gallar hafi verið á verkinu. Sú fjárhæð hafi staðið ríflega undir lagfæringu á gólfinu miðað við upprunalega hönnun, þrátt fyrir að stefnandi hafi viljað hafa gólfið í þeirri mynd er það var í við verklok.

Stefndu byggja jafnframt á því að stefnandi hafi notið aðstoðar hönnuðar eða arkitekts við skipulag og ákvarðanatöku við framkvæmdirnar, en ekki hafi verið hlustað á rök og ráðleggingar stefndu, heldur farið fram á það við stefndu að verkið skyldi unnið í samræmi við ákvarðanir stefnanda og hönnuðar hans. Beri hönnuðurinn því ábyrgð á framkvæmd verksins, enda geti pípulagningameistari ekki borið ábyrgð á göllum í hönnun og við ákvarðanatöku.

Hvað varði skaðabótakröfu stefndu sé vísað til þess að málarekstur þessi hafi eyðilagt rekstur stefndu, enda hafi úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa í málinu verið dreift á samfélagsmiðlum, ásamt aðvörunum um að eiga viðskipti við stefndu. Þá hafi Neytendasamtökin einnig birt sams konar viðvaranir á heimasíðu sinni. Í kjölfarið hafi bókanir fallið niður hjá stefndu. Þurfi stefndu því að loka félaginu, stefnda, Geri allt slf., og stofna nýtt félag, en stefndu áætla að taka muni fjögur ár að ná upp sömu verkefnastöðu og áður en fyrrgreindur úrskurður kærunefndar hafi verið birtur. Beint tap á þeim tíma sé um 100.000.000 króna og teljist því hófleg skaðabótakrafa nema 50.000.000 króna.

Um lagarök vísa stefndu einkum til IX. kafla laga nr. 91/1991.

IV

Niðurstæða

Mál þetta er til komið vegna verks er hið stefnda félag tók að sér og fólst í framkvæmdum á baðherbergi í fasteign stefnanda. Ekki mun hafa verið gerður skriflegur verksamningur um verkið og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir í gögnum málsins. Fram er komið í málinu að verkið var að mestu leyti unnið af stefnda Daníel sem er pípulagningameistari og fyrirsvarsmaður hins stefnda félags. Auk þess mun rafvirki hafa séð um raflagnir og málarameistari að hluta til um málningarvinnu í baðherberginu.

Hið stefnda félag, Geri allt slf., er samlagsfélag og ber stefndi Daníel ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og grein 2.1. í félagssamningi um samlagsfélagið. Er kröfu stefnanda því réttilega beint óskipt að báðum stefndu.

Í málinu gerir stefnandi kröfu um greiðslu skaðabóta þar sem hann telur verk stefndu vera gallað í skilningi laga nr. 42/2000. Þannig þjóni niðurfall í sturtu ekki ætluðum tilgangi sínum þar sem það taki ekki við nægu vatni líkt og þörf sé á til að það flæði ekki út á gólf. Þá liggi sturtubotninn of hátt miðað við baðherbergisgólfíð sem leiði til þess að niðurfallið í sturtubotninum nýtist ekki sem öryggisniðurfall í votryminu eins og ætlunin hafi verið. Nemur stefnukrafan áætluðum kostnaði við að bæta úr gallanum samkvæmt álitum Ragnars Ómarssonar byggingafræðings sem aflað var undir rekstri málsins hjá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa og áður er getið. Fyrir liggur að stefnandi hefur að fullu greitt fyrir þjónustuna.

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi sem fagaðilar stýrt vinnunni við verkið, valið allt efni sem notast var við, auk þess að kaupa öll helstu byggingarefni, lagnir, gólfplötur og gifs. Hann hafi einungis keypt lítinn hluta af efninu sjálfur, svo sem flísar og fúgu, en þó ávallt í samráði við stefndu. Það sama eigi við um þær einangrunarmottur sem keyptar hafi verið. Hann hafi ávallt farið að ráðleggingum stefndu enda hafi hann ekki haft nauðsynlega fagþekkingu sjálfur. Stefnandi kveðst hafa notið aðstoðar arkitekts sem hann þekkti til við uppsetningu í rýminu en sá hafi ekki komið frekar að verkinu.

Stefndu hafna því að ágallar hafi verið á verkinu og mótmæla framangreindri lýsingu stefnanda. Stefnandi hafi sjálfur valið efni í verkið. Hann hafi t.d. valið sturtubotn sem ekki hentaði til verksins þar sem hann hafi ekki haft nægan innbyggðan halla. Þá hafi hann keypt of þunnar einangrunarmottur, þvert á fyrirmæli stefndu, sem hafi leitt til þess að hæð baðherbergisgólfisins varð lægri en ella. Þá hafi stefnandi notið aðstoðar arkitekts við hönnun baðherbergisins og ekki farið að ábendingum stefndu um nauðsynlegar breytingar. Stefnandi hafi í verkinu hundsáð ráðleggingar stefnda Daníels.

Dómurinn tekur hér fram að samkvæmt 4. gr. laga nr. 42/2000 ber seljanda þjónustu að vinna verk af fagþekkingu og veita neytanda upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmunum neytanda fyrir augum. Þá mælir 6. gr. laganna fyrir um leiðbeiningarskyldu seljanda gagnvart neytanda. Í því felst m.a. að ráðleggja kaupanda hvort vinna eigi verk eða ekki og með hvaða hætti. Þá ber seljanda þjónustu á grundvelli fagþekkingar sinnar að leggja huglægt mat á það hvort ráðlegt sé að framkvæma verkið á þann hátt sem neytandi hefur óskað eftir.

Ekkert er fram komið sem bendir til þess að stefndi Daníel hafi á einhverju stigi verksins varað stefnanda við eða ráðið honum frá því að verkið yrði unnið á tiltekinn hátt eða að tiltekið efni yrði notað. Enn síður liggur fyrir að stefnandi hafi virt slíkar ráðleggingar að vettugi. Ekki liggur annað fyrir en að stefndi Daníel hafi valið allt efni sem notast var við verkið og keypt helstu byggingarefni, lagnir, gólfplötur og gifs eins og reikningur hans frá 2. október 2020 ber með sér. Verður því lagt til grundvallar að annað efni, eins og flísar og fúgur og mottur, hafi verið keypt í samráði við og samkvæmt ráðleggingum og fyrirmælum stefnda Daníels. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem

bendir til þess að arkitekt hafi eitthvað haft að gera með þá verkþætti sem heyrðu undir stefndu eða nokkuð komið að ákvörðunum er luttu að hæð gólfs eða sturtubotns. Fullyrðingar stefndu fá því enga stoð í gögnum málsins eða því sem fram er komið í málinu.

Stefnandi telur mikla annmarka vera á verki stefndu og reisir hann málatilbúnað sinn á niðurstöðum fagaðila sem tekið hafa út verkið, þ.e. athugasemdum Böðvars Inga Guðbjartssonar pípulagningameistara og álits Ragnars Ómarssonar byggingafræðings, auk niðurstöðu kærunefndarinnar. Stefndu hafa undir rekstri málsins mótmælt niðurstöðum þeirra Böðvars Inga og Ragnars. Verður að skilja málatilbúnað stefndu svo að af þeirra hálfu sé ekki talið að um galla á verkinu sé að ræða og að úrbætur geti verið mun umfangsminni en lagt er til í álitum þeirra Böðvars Inga og Ragnars.

Þá hafa stefndu bent á að hvorki Böðvar Ingi né Ragnar hafi verið dómkvaddir matsmenn og stefndu hafi því ekki átt þess kost að koma að sjónarmiðum sínum. Stefndu gera þá kröfu fyrir dóminum að álitu Böðvars Inga verði vísað frá dómi. Vegna þessara sjónarmiða stefndu tekur dómurinn fram að engin rök standa til þess að fallast á þá kröfu en bent skal á að dómurinn leggur mat á gildi framangreindra gagna samkvæmt meginreglunni um frjálst sönnunarmati dómara, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Þá bendir dómurinn til hliðsjónar á dóm Landsréttar í máli nr. 8/2020 þar sem fyrir lá álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem er forveri kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Dómurinn tekur fram á að ekki verði betur séð en að stefndu hafi í tvígang átt þess kost að koma að sjónarmiðum sínum undir rekstri málsins hjá kærunefndinni og þar af einu sinni vegna álits Ragnars sem hafði þá skilað viðbótaráliti vegna athugasemda stefndu.

Fyrir liggur niðurstaða óháðrar kærunefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Nefndin byggir niðurstöðu sína á faglegu álitu sérfróðs aðila, Ragnars Ómarssonar, sem lýsti fyrir dóminum reynslu sinni til fjölda ára af framkvæmdum af ýmsu tagi. Telur dómurinn enga ástæðu til að efast um færni hans á þessu sviði og er hafnað sjónarmiðum stefndu þar að lútandi. Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, þykir ekki varhugavert að líta til þeirra faglegu atriða sem liggja til grundvallar niðurstöðu nefndarinnar.

Óumdeilt er að við notkun á sturtunni flæðir töluvert magn af vatni út á gólf þar sem niðurfallið hefur ekki undan. Fyrir liggur að við verkið var út frá því gengið að niðurfallið í sturtubotninum væri öryggisniðurfall í rýminu. Til þess að svo gæti orðið varð sturtubotninn að vera nokkrum millimetrum lægri en gólfið sjálft og gólfið að halla í átt að sturtubotninum. Óumdeilt er að sturtubotninn liggur ofan á gólfinu og að hæð frá gólfi upp á brún sturtubotns er einn sentímetri.

Stefndu hafa borið því við að lélegt flæði í niðurfall sturtunnar sé vegna þess að á niðurfallinu sé of lítill halli en stefnandi hafi krafist þess að þetta tiltekna niðurfall yrði notað til verksins og þá hafi stefnandi keypt sturtubotn sem hafi haft nær engan

innbyggðan vatnshalla. Eins og áður er fram komið er ekkert sem bendir til þess að stefnandi hafi hundsáð ráðleggingar stefndu eða valið efnið þrátt fyrir viðvaranir stefnda Daníels. Stefndu hafa einnig bent á að ekkert sé að vatnslásnum í sturtunni sem ráði við þrefalt það vatnsmagn sem komi úr blöndunartækjunum. Dómurinn telur þetta ekki breyta niðurstöðu málsins. Óháð því hvaða vatnslás var valinn og hvort sturtubotninn sjálfur var með nægan innbyggðan vatnshalla var verkið þannig unnið af hálfu stefndu að sú meginforsenda að niðurfallið væri eina niðurfall rýmisins stóðst ekki af þeirri augljósu ástæðu að sturtubotninn stendur of hátt. Dómurinn tekur fram að því hefur ekki verið mótmælt af stefndu að ætlunin hafi verið sú að niðurfallið í sturtunni gegndi hlutverki öryggisniðurfalls í rýminu. Ljóst verður að telja að það gerir það ekki. Mótbáru stefndu breyta engu þar um.

Þá telur dómurinn að þær úrbætur sem stefndu hafa lagt til, m.a. að leggja annað lag af flísum á gólfið til að hæð þess verði jöfn sturtubotninum, séu ekki ásættanlegar. Þá sé sú lausn að setja annað niðurfall í baðherbergisgólfið þannig að niðurfallið í sturtunni verði ekki eina niðurfallið í rýminu ekki heldur ásættanleg enda leysir það ekki vandann vegna þess að niðurfallið afkastar ekki því vatni sem kemur frá sturtunni. Þá er sú lausn heldur ekki í samræmi við það sem stóð til, þ.e. að niðurfallið í sturtunni væri eina niðurfallið í rýminu og myndi anna öllu vatnsmagni.

Telja verður að stefndu hafi borið í samræmi við fagþekkingu, góðar venjur og viðurkennda verk hætti að tryggja að niðurfallið væri á lágsta punkti gólfsins svo það nýttist í samræmi við ætlaðan tilgang þess. Verður ekki betur séð en þeim tilgangi hefði verið náð með því að fella sturtubotninn undir flísalögnina. Það var ekki gert og á því bera stefndu ábyrgð sem fagaðilar að verkinu. Fráflæði vatns í niðurfall sturtunnar er ekki nægilega mikið sem leiðir til þess að vatn flæðir yfir brún sturtubotsins, safnast fyrir á gólfi baðherbergisins sem skapar hættu á eignatjóni í fasteigninni. Þá er augljóst að niðurfallið getur ekki þjónað því hlutverki að vera öryggisniðurfall í votrymi og því ekki í samræmi við ákvæði 10.5.7, áður 6.7.5., í byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum, þar sem segir að gólf í votrymum skuli vera vatnsheld með niðurfalli og halla að niðurfalli. Eina niðurfallið á baðherbergi stefnanda er í sturtunni og mátti stefndu því vera ljóst að aldrei gat gengið að hafa sturtubotninn hærra en flísalögn á gólfi þegar til stóð að nýta niðurfallið í sturtunni sem niðurfall fyrir rýmið í heild.

Dómurinn tekur fram að jafnvel þótt fallist væri á sjónarmið stefndu um að verkið hafi verið í samræmi við byggingarreglugerð þar sem um minniháttar viðhald hafi verið að ræða sem falli þá undir grein 2.3.5. a í henni sé þó ljóst að þjónusta stefndu var ekki í samræmi við þá forsendu að niðurfallið í sturtunni þjónaði sem eina niðurfallið í rýminu og þar með sem öryggisniðurfall. Breytir það því ekki niðurstöðu málsins.

Stefndu hafa byggt á því fyrir dóminum að Harpa Sjöfn Nicolaid. Blöndal pípulagningameistari hafi sem óháður aðili tekið verkið út og talið það vera í samræmi

við lög og reglur og faglegar kröfur. Þessi fullyrðing stefndu fær ekki stoð í neinum gögnum málsins eða því sem fram er komið í málinu. Þá mun umrædd Harpa vera kona stefnda Daníels og samlagsaðili með takmarkaða ábyrgð í hinu stefnda félagi og ekkert liggur fyrir í málinu um að hún hafi komið að verkinu á einn eða neinn hátt. Verður að hafna þessum sjónarmiðum stefndu.

Telja verður að stefnandi hafi sýnt fram á það með framlögðum gögnum að þjónusta stefndu hafi verið gölluð í skilningi 1., 4., 5. og 6. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 42/2000. Ljóst verður að telja að notagildi þjónustu stefndu sé minna en ella í skilningi 5. töluliðar 1. mgr. 9. gr. og þá hafa stefndu með ófullnægjandi vinnubrögðum aukið líkur á tjóni í skilningi 4. töluliðar sömu málsgreinar. Verkið verður einnig að telja gallað með hliðsjón af 6. tölulið ákvæðisins þar sem það uppfyllir ekki þá forsendu sem lagt var upp með, að niðurfallið í sturtunni væri öryggisniðurfall í rýminu. Víkur þjónustan því frá upphaflegu samkomulagi aðila. Þá uppfyllir þjónusta stefndu ekki 4. gr. laganna eða 5. gr., sbr. 1. tölulið 9. gr. Verður að telja fram komið að vinna stefndu hafi ekki verið í samræmi við fagþekkingu, góðar venjur eða viðurkennda verkþætti og ákvæði byggingarreglugerðar.

Dómurinn telur því ljóst að vegna galla á þjónustu stefndu hafi stefnandi orðið fyrir tjóni. Á þessu tjóni beri stefndu sameiginlega bótaábyrgð samkvæmt almennu skaðabótareglunni og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 40/2000 enda um að ræða sérfræðiþjónustu fagaðila í skilningi skaðabótaréttarins. Verður við mat á tjóninu horft til kostnaðarmats hins sérfróða aðila við rekstur málsins hjá kærunefndinni en þeim þætti í álitinu hefur heldur ekki verið hnekkt af stefndu. Í álitinu er kostnaður við úrbætur reiknaður með hliðsjón af tímagjaldi og verðskrá stefnda, Geri allt slf., þ.m.t. akstursgjaldi, auk kvittana vegna efniskostnaðar. Ekki var sérstakt verktakaálag lagt á vinnu þar sem notast var við einingaverð frá verktakanum sjálfum og gert ráð fyrir að það væri þar innifalið. Þá var ekki lagt á sérstakt verkfæragjald þar sem slíkt gjald hafi ekki verið sundurliðað sérstaklega í yfirliti verktakans og gert ráð fyrir að það væri innifalið í einingaverði fyrir tímavinnu. Þar sem upplýsingar lágu ekki fyrir var miðað við listaverð á efni með tilliti til afsláttar sem miðað er við að sé ígildi álagningar þjónustuaðilans fyrir áhættu og ágóða.

Stefnandi greiddi stefndu samtals 6.600.069 krónur fyrir verkið samkvæmt útgefnum reikningi 2. október 2020. Stefndu halda því fram að stefnanda hafi verið veittur ríflegur afsláttur til að ljúka málinu í sátt og hann sé því í raun búinn að fá bættu mögulega annmarka á verkinu. Þessum sjónarmiðum stefndu verður að hafna. Framlagður kreditreikningur frá 15. október 2020 ber skýrlega með sér að vera vegna tafa á verkinu og nemur afslátturinn 300.660 krónum.

Í málinu þykir stefnandi hafa sýnt fram á galla á þjónustu stefndu og umfang tjóns síns. Hefur því ekki verið hnekkt af stefndu. Ljóst er að nauðsyn er á verulegum úrbótum

og lagfæringum svo verkið nýtist stefnanda. Stefnu hafa í málinu sett fram fullyrðingar um málsatvik án þess að þeim verði fundin nokkur stoð í gögnum málsins eða því sem fram kom við aðalmeðferð þess. Stefnu bera samkvæmt framansögðu sameiginlega ábyrgð á tjóni stefnanda og verður gert að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð eins og nánar greinir í dómsorði.

Dráttarvaxtakröfu hefur ekki verið sérstaklega mótmælt en líta verður svo á að í sýknukröfu og varakröfu um lækkun felist mótmæli við þann þátt kröfunnar. Stefnandi hefur krafist dráttarvaxta frá 24. desember 2020 þar sem þá hafi verið liðinn mánuður frá því að hann setti fram kröfu sína, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, en ekki verður betur séð en að þetta tímamark miðist við mánuð eftir að stefnandi bar ágreininginn undir kæruneftndina. Þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við 8. desember 2021 en þá var liðinn mánuður frá því að stefnandi sendi stefnu formlegt kröfubréf á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar.

Stefnu hafa í málinu gert kröfu á hendur stefnanda um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 50.000.000 krónur vegna eyðileggingar á orðspori stefnu og tekjutaps vegna þess en stefnukrafa málsins er mun lægri. Þessi krafa stefnu er ekki studd nokkrum gögnum og getur ekki komið til neinna álita í málinu. Verður stefnandi sýknaður af henni. Auk þess uppfyllir hún ekki skilyrði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 og hefðu stefnu þurft að gagnstefna í málinu svo um hana gæti gengið sjálfstæður dómur.

Í samræmi við úrslit málsins verður stefnu sameiginlega gert að greiða stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem telst hæfilega ákveðinn 850.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Mál þetta flutti Peter Dalmay lögmaður fyrir stefnanda, en stefndi Daníel Sigurðsson, fyrirsvarsmáður hins stefnda félags, flutti málið fyrir hönd stefnu.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni héraðsdómara og Gísla Hafsteini Gunnlaugssyni pípulagningameistara, sem sérfróðum meðdómanda.

Dómsorð:

Stefnu, Geri allt slf. og Daníel Sigurðsson, greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Þorlákssyni, 1.042.252 krónur, auk dráttarvaxta, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 8. desember 2021 til greiðsludags.

Stefnandi er sýknaður af kröfu stefnu um greiðslu 50.000.000 króna í skaðabætur.

Stefnu greiði stefnanda in solidum 850.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Gísli Hafsteinn Gunnlaugsson

Staðfest rétt endurrit:
Héraðsdómi Reykjavíkur 12.12.2022